

Stjórnarfundur nr. 10

10. febrúar 2014 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Jóna Th. Viðarsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Delia Kristín Howser, Ólafur E. Jóhannsson, Arninbjörn Friðriksson og Guðmundur A Guðmundsson.

Brynja Tomer boðaði forföll.

Fríður Esther Pétursdóttir, framkvæmdastjóri ritar.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra HRFÍ

Hvolpasýningin gekk mjög vel, voru skráðir 121 hvolpur og var dæmt í tveimur hringjum. Fólk virtist mjög ánægt með daginn og langar mig að þakka Dyrheimum fyrir þeirra stuðning, Gæludýrum fyrir lánið á húsnæðinu sem og dómaranemunum okkar sem dæmdu á sýningunni.

Uppskeruhátíðin sama dag gekk líka mjög vel, fólk virtist mjög ánægt og fékk ég marga tölvupósta og skilaboð eftir á með þakklæti frá félagsmönnum. Ég hefði verið mjög ánægð ef viðburðurinn hefði bara staðið undir sér, en við komum út í rúmlega 350.000 kr hagnaði.

801 hundur er skráður á sýninguna eftir rúma viku af 86 tegundum, þar af eru þrjár nýjar tegundir (Dandie dinmont, Dansk-Svensk gardshund og Norwegian Lundehund.

Það var mjög góð þáttaka í augnskoðun í nóvember, sem hefur aðeins áhrif á skráningu í augnskoðun sem verður helgina 21-22.feb og við náðum trúlega ekki að fylla þrjá heila daga og mun Finn því aðeins augnskoða til hádegis á sunnudegi.

Fundi vegna dýraverndunarlaganna var frestað, verður nánar auglýst síðast.

2. Stefnumótunardagur 15. febrúar

Guðmundur sagði frá tilgangi stefnumótunardags, 15 deildir hafa boðað komu sína, alls 24 aðilar. Ennþá vantar svör frá nokkrum deildum. Fríður hefur pantað súpu og brauð frá Kökuhorninu.

3. Erindi frá Íþróttadeild – tölvupóstur 27. Janúar

Samþykkt

4. Erindi frá Arnheiði Runólfsdóttur – tölvupóstur 26. Janúar

Stjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skrifstofu á málinu. Málið snýr að framsali á ræktunarnafni ekki yfirtöku. Stjórn vinnur að endurskoðun á regluverkinu til þess að svona geti ekki gerst aftur.

5. Erindi frá Sýningastjórn HRFÍ – tölvupóstur 18. desember 2013 - frestað á jan.fundi

Reglur og leiðbeiningar fyrir hringstjóra.

Í stað núverandi "6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi fái viðkomandi réttindi sem sýningardómari eða hefur ekki starfað sem hringstjóri í þrjú ár."

Breyta í: "6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi hafi hann ekki starfað sem slíkur í þrjú ár."

Nýr liður: "6.4 Ekki er æskilegt að hringstjóri, sem jafnframt er sýningadómari, sé hringstjóri þar sem dæmdar eru tegundir sem hann hefur sjálfur dómara réttindi á."

6.grein verður þá eftir breytingu: 6.1 Réttindi hringstjóra falla úr gildi ef viðkomandi hættir í HRFÍ eða greiðir ekki félagsgjald.

6.2 Réttindi hringstjóra falla úr gildi hafi hann ekki starfað sem slíkur í þrjú ár

6.3 Til að viðkomandi geti endurheimt réttindi sín þarf hann að endurtaka nám og þjálfun með fullnægjandi hætti.

6.4 Ekki er æskilegt að hringstjóri, sem jafnframt er sýningadómari, sé hringstjóri þar sem dæmdar eru tegundir sem hann hefur sjálfur dómara réttindi á.

Samþykkt – liður 6.4 tekin út.

6. Erindi frá Retrieverdeild – tölvupóstur 21. Janúar

Samþykkt

7. Ra ehf.

Fara þarf í vinnu sbr. neðangreint úr fundargerð félagsfundar 11. september 2013.

Tillaga frá Jónu Th Viðarasdóttir

„Ég geri það að tillögu minni að á næsta aðalfundi félagsins geri stjórn HRFÍ grein fyrir möguleikum í húsnæðismálum félagsins“

Tillagan var samþykkt einróma

Stjórn samþykkti að leita ráða hjá leigumiðlara og fasteignasala og skoða ýmsa möguleika.

8. Grundvallarreglur HRFÍ – frestað á jan.fundi

Eftir fulltrúaráðsfund 31. október 2012 eða 1. nóvember 2012 kom tölvupóstur til stjórnar HRFÍ frá Vilhjálmí Ólafssyni þar sem hann leggur til að grein 1.3 í grundvallarreglum HRFÍ verði breytt.

Þar sem HRFÍ hefur haft grundvallarreglur SKK til hliðsjónar þá var ákveðið að þýða gildandi grundvallarreglur SKK sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Tillögur stjórnar að breytingum bárum við undir Ingibjörgu Björnsdóttur hdl., sem mælti með breytingu á orðalagi til samræmis við gildandi meiðyrðalöggjöf. Jafnframt lagði Ingibjörg til að fyrirhugaðar takmarkanir verði einnig settar í lög félagsins. Stjórn sendi tillögur að breytingu grundvallarreglnanna einnig til Síðanefndar HRFÍ, sem lagði blessun sína yfir þessar breytingar á grein 1.3. Þar sem SKK er að taka í gagnið nýjar grundvallarreglur 1. janúar 2014 var Klara Símonardóttir fengin til að fara yfir helstu fyrirhugaðar breytingar. Lagt er til að stjórnarmenn lesi þessar breytingar og tillögur Klöru og komi með athugasemdir fyrir næsta stjórnarfund. Nýjar grundvallarreglur verða síðan kynntar til samþykktar á næsta aðalfundi HRFÍ ásamt lagabreytingu sbr. tillögu Ingibjargar.

9. Önnur mál

Fundi slitið kl. 20.20